

Umhverfis- og loftslagsstefna embættis landlæknis

Embætti landlæknis hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur embættið sitt af mörkum til að stuðla að því að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði mætt. Embætti landlæknis fylgir lögum og reglum um umhverfismál í starfsemi sinni. Allt starfsfólk hefur umhverfisstefnu þessa að leiðarljósi við störf sín. Stefnan er byggð á umhverfisstefnu stjórnarráðsins.¹

Umhverfis- og loftslagsstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi embættisins til að draga úr álagi á umhverfið og beitir sér þannig fyrir bættri lýðheilsu. Stefnan tekur til allrar starfsemi embættisins, þ.m.t. matarsóunar, ræstinga, innkaupa, húsnæðis, vinnuumhverfis, samgangna, notkunar auðlinda og meðferðar á sorpi. Fylgt er stefnu ríkisstjórnar Íslands um vistvæn innkaup og rafræna stjórnarsýslu.

Loftslag og þær breytingar sem fyrirsjáanlegt er að verði á því vegna losunar gróðurhúsa-lofttegunda er mikilvægur áhrifaþáttur á lýðheilsu. Það er því brýnt að embættið taki sjálft virkan þátt í því að stuðla að því að markmiðum stjórnvalda, einkum með tilliti til Parísar-sáttamálans og markmiða um kolefnishlutleysi, verði náð. Embættið hyggst leggja sitt af mörkum í þessu verkefni, bæði með því að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri þess, sem og með því að vinna enn frekar að fræðslu og upplýsingagjöf um áhrif loftslagsbreytinga á lýðheilsu.

Markmið

1. Að embættið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri um 40% miðað við árið 2019. Auk þess verði stefnt að kolefnishlutleysi með hagræðingu í rekstri og eftirstandandi losun kolefnisjöfnuð með kaupum á vottuðum kolefniseiningum. Embættið stefnir að því að ná þessu markmiði fyrir árið 2030.
2. Að hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu innra og ytra starfi t.d. vegna *Heilsueflandi samfélags*.
3. Að úrbætur í rekstri og þjónustu taki mið af því að minnka umhverfisáhrif og losun gróðurhúsalofttegunda
4. Að halda auðlinda- og efnanotkun í lágmarki og draga úr mengun eins og kostur er.
5. Að vinna stöðugt að því að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hans.
6. Að efla vistvænar samgöngur í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Aðföng

1. Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eða þjónusta eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.
2. Velja skal umhverfismerktar vörur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og nota rammasamning Ríkiskaupa.

¹ <https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aaetlanir/stefnur-raduneytanna/umhverfisstefna-stjornarradsins/>

3. Draga úr notkun einnota aðfanga, t.d. einnota borðbúnaðar og óparfa umbúða.

Rekstur og viðhald

1. Allur tölvu- og skrifstofubúnaður skal bera viðeigandi umhverfis- og orkusparandi merkingar.
2. Upplýsa skal verktaka um stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og gera kröfur um að þeir fylgi henni.
3. Leigusali embættis landlæknis er Reginn fasteignafélag. Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu² og sjálfbærnistefnu³ sem gildir m.a. um húsnæði. Embætti landlæknis fundar með Reginn árlega í því augnamiði að bæta samstarf er lýtur að umhverfisvænum rekstri húsnæðis.

Nýting orkuauðlinda

1. Fara skal sparlega með vatn og orkuauðlindir, t.d. láta vatn ekki renna að óþörfu, slökkva á rafmagnstækjum og ljósum í lok vinnudags og þegar ekki er nauðsynlegt að hafa kveikt á þeim.

Efnanotkun

1. Fara sparlega með efni og efnavörur, t.d. við uppþvott og ræstingar.
2. Allar ræstivörur sem notaðar eru skulu vera merktar með viðurkenndu umhverfismerki, t.d. Norræna svaninum, Evrópublóminu eða Bra Miljöval.

Endurnýting og meðferð úrgangs

1. Flokka og ganga frá úrgangi samkvæmt flokkunarkerfi þjónustufyrirtækis.
2. Stöðugt skal draga úr pappírnotkun, m.a. með því að prenta báðum megin á blöðin og gæta þess að prenta hvorki né ljósrita að óþörfu.
3. Stefna markvisst að því að málaskrá embættisins verði með öllu rafræn sem og skil til Þjóðskjalasafns.
4. Stefna markvisst að því að allar leyfisveitingar og öll samskipti við þjónustuþega verði rafræn.
5. Öllum spilliefnum skal fargað á viðeigandi hátt, t.d. lyfjum, rafhlöðum, prenthylkjum, ljósaperum.
6. Öllum öðrum úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt.

Samgöngur

1. Leitast skal við að velja umhverfisvænar leiðir í samgöngum þegar ferðast er á vegum embættisins, t.d. óska eftir vistvænum bílum hjá leigubílastöðvum, bílaleigum, samnýta leigubíla, nota rafskutlur, hjóla og ganga styttri vegalengdir.
2. Eftir því sem kostur er skal leitast við að fjarfundir komi í stað funda sem kalla á ferðalög innanlands jafnt sem utan.

² <https://www.reginn.is/media/1927/umhverfisstefna-undirritud-01022018.pdf>

³ <https://www.reginn.is/media/2749/sjalfbaernistefna-regins-hf-10102019.pdf>

3. Þjóða starfsmönnum upp á samgöngusamning og hvetja til umhverfisvænna samgangna til og frá vinnu.
4. Vinna samkvæmt fjarvinnustefnu embættisins.

Umhverfisvísar og fræðsla

1. Embættið haldi yfirlit yfir helstu „grænu“ lykiltölur í rekstri og skrái og vakti árangurinn. Markmið þess er að stuðla að betri nýtingu auðlinda, að draga úr sóun hráefna og auka endurnýtingu og endurvinnslu, eins og pappírnotkun, orkunotkun, efnanotkun og magn sorps.
2. Áætla kolefnisspor embættis landlæknis reglubundið og kynna fyrir starfsmönnum embættisins.
3. Halda reglulega fræðslu um umhverfismál fyrir starfsmenn embættisins.

Umhverfis- og loftslagsstefna embættis landlæknis er rýnd á hverju ári af stýrihópi embættis um græn skref í ríkisrekstri. Stefnan hefur verið kynnt starfsfólki embættisins, birt á innri og ytri vef þess, og samþykkt af framkvæmdastjórn.

Samþykkt í framkvæmdastjórn 17. maí 2022.